



# Dansstefna 22/32

FÍLD

FÉLAG ÍSLENSKRA  
LISTDANSARA

Í gegnum dans tjáum við  
og upplifum fegurð og  
tilfinningar og skynjum  
heiminn og okkur sjálf  
á einstakan hátt.

**FÍLD**

FÉLAG ÍSLENSKRA  
LISTDANSARA

<b>INNGANGUR</b>	<b>4</b>
<b>VINNUFERLIÐ</b>	<b>7</b>
<b>DANSHAGKERFIÐ</b>	<b>8</b>
<b>Áherslur &amp; aðgerðir</b>	<b>10</b>
<b>DANS SEM ÆVISTARF</b>	<b>12</b>
<b>Áherslur &amp; aðgerðir</b>	<b>13</b>
<b>DANS OG SAMFÉLAG</b>	<b>14</b>
<b>Áherslur &amp; aðgerðir</b>	<b>18</b>
<b>ALÞJÓÐLEGT STARF</b>	<b>20</b>
<b>Áherslur &amp; aðgerðir</b>	<b>21</b>
<b>MÍÐLUN OG FRÆÐI</b>	<b>22</b>
<b>Áherslur &amp; aðgerðir</b>	<b>23</b>
<b>INNRA STARF</b>	<b>24</b>
<b>Áherslur &amp; aðgerðir</b>	<b>24</b>
<b>VERKEFNAÞOTTURINN</b>	<b>26</b>

# Inngangur

Í ár fagnar Félag íslenskra listdansara 75 ára afmæli sínu og fögnum við stolt öllum þeim áfangasigrum sem náðst hafa í uppbyggingu listgreinarinnar fram til þessa. Danslistin hefur náð að festa sig í sessi sem framsækin og spennandi listgrein í landinu og hefur hún haft ómetanlega þýðingu fyrir íslenskt menningarlíf. Í dag eru um 130 félagar í FÍLD en í félaginu eru starfandi atvinnudansarar, danshöfundar, listdanskennarar, skólustjórnendur í listdanskólum og fyrrverandi avinnudansarar. Félagsmönnum hefur fjölgað ört á undanförunum árum og hafa orðið mikil straumhvörf í atvinnuumhverfi greinarinnar þar sem íslenskir danslistamenn hafa stigið fram á sjónarsviðið og haft frumkvæði að margvíslegum verkefnum og viðburðum hérlandis sem og erlendis. Þeir hafa unnið þrekvirki sem komið hefur Íslandi á kortið sem öflugur, frumlegur og skapandi afli í heimi menningar og lista.

Stór skref voru stigin þegar lög um sviðslistir voru samþykkt á alþingi í lok árs 2019 en með tilkomu laganna hefur starfsemi Íslenska dansflokksins verið bundin í lög og gegnir Íd nú sambærilegu hlutverki og aðrar ríkisreknar sviðslistastofnanir, sbr. Þjóðleikhúsið. Langþráðu markmiði var einnig náð á síðastliðnum tveimur árum þegar danshöfundar og dansarar fengu í fyrsta sinn, fyrir tilstuðlan FÍL - stéttarfélags listamanna í sviðslistum og kvikmyndum, lögbundna kjarasamninga við ríkisreknar sviðslistastofnanir landsins. Ennþá skortir þó verulega á starfsöryggi danslistafólks og atvinnuuppbyggingu í greininni. Fjölbreytt menningarlíf er eftirsóknarvert fyrir atvinnulíf og menningarflóru landsins. Í mörgum landshlutum er listdansinn líkt og óplægður akur en með því að bjóða danslistinni heim og styðja betur við uppbyggingu greinarinnar er stuðlað að atvinnusköpun og nýjum tækifærum fyrir landsmenn.

Dansinn hefur margvísleg áhrif í atvinnu- og menningarlegu samhengi en einnig ef litið er til forvarna og lýðheilsamála. Hlúa þarf að uppbyggingu listdansmenntunar í landinu og tryggja börnum og ungmönnum aðgengi að listgreininni. Búa þarf listdansinum umhverfi sem ekki aðeins stendur jafnfætis öðrum listgreinum, heldur skapar einnig ný atvinnutækifæri. Danssamfélagið hefur kallað eftir Danshúsi í menningarborginni Reykjavík í all langan tíma. Það liggur fyrir að miklir möguleikar geta falist í Danshúsi bæði fyrir danslistamenn, nærumhverfi og menningartengda ferðaþjónustu. Danslistin er sú listgrein sem þarf hvað mest á rými að halda eðli síns vegna. Húsnæðisleysi ólíkra eininga innan greinarinnar, s.s. Íslenska dansflokksins og sjálfstæða geirans, hæfir hvorki háskólamenntuðu danslistafólki sem starfar hér á landi, né alþjóðamarkaði og þeim vaxandi fjölda áhorfenda sem sækir danssýningar. RDF - Reykjavík Dance Festival hefur vaxið og dafnað á þeim 20 árum sem hátíðin hefur verið starfrækt en hana skortir festu og fjármagn til að geta vaxið enn frekar. Íslenski dansflokkurinn fagnar 50 ára starfsafmæli á komandi ári en ennþá býr flokkurinn við aðstöðuleysi og ófullnægjandi starfsskilyrði. Ef Íd á að geta framfylgt lögbundnu hlutverki sínu til fulls er nauðsynlegt að fjölga stöðugildum við flokkinn og auka fjárframlög til hans. Síðast en ekki síst þarf að styrkja grunnstoðir atvinnugreinarinnar og tryggja listdansmenntun í landinu með lögum.

Dansstefnan 22/32 var unnin í samstarfi við danssamfélagið í heild sinni en með útgáfu á dansstefnu til næstu 10 ára eru heildarhagsmunir listgreinarinnar hafðir að leiðarljósi, þar sem jafnrétti, menntun, nýsköpun og atvinnuuppbygging er helsta leiðarstefið.

*Irma Gunnarsdóttir, Formaður FÍLD*



Hvíla sprungur, mynd: Ragnar Axelsson







## Vinnuferlið

Á aðalfundi FÍLD 2019 var stofnaður vinnuhópur um mótun nýrrar Dansstefnu 20/30, en árið 2010 gaf félagið út Dansstefnu 10/20 og því orðið tímabært að líta yfir farinn veg og marka stefnu næstu ára. Hópurinn skipaðu Ólöf Ingólfsdóttir, Hrafnhildur Einarsdóttir, Inga Maren Rúnarsdóttir og Sigrún Ósk Stefánsdóttir. Vinnuferlið varð mun lengra en upphaflega var áætlað, enda setti heimsfaraldur með tilheyrandi takmörkunum og veikindum sitt mark á það. Snemma í ferlinu fékk hópurinn Frímann Sigurðsson til aðstoðar við mótun aðferða og vinnuferlis, en vinnuhópurinn sá um framkvæmdina. Haustið 2021 var danssamfélaginu boðið til samráðsfundar á Dansverkstæðinu. Þátttaka var góð og fjölbreytt og í hópavinnu komu fram fjölmargar góðar ábendingar sem vinnuhópurinn tók til úrvinnslu. Bæði var bent á ýmislegt sem betur mætti fara í núverandi stöðu danslistarinnar, en einnig komu fram afar áhugaverðar og framsæknar hugmyndir um framtíðarskipan mála. Þá tók við langt úrvinnsluferli þar sem vinnuhópurinn tók allar tillögur samráðsfundarins til skoðunar og urðu þær oft tilefni til líflegra umræðna og áframhaldandi hugarflugs. Öllum þeim fjölmörgu aðilum sem tóku þátt í vinnunni þökkum við innilega fyrir örlæti sitt.

Starfshópurinn kaus að flokka efnisatriði með nokkuð öðrum hætti en gert er í Danstefnu 10/20, til að sjá samhengi ýmissa þátta innan greinarinnar á annan hátt. Birtist hér afrakstur vinnunnar.



## Danshagkerfið

Danshagkerfið nær yfir alla fjárhagslega þætti danslistarinnar; styrkja- og sjóðakerfi fyrir sjálfstæða geirann, fjárveitingar til stofnana og hátíða, framlaga til dansmenntunar á öllum skólastigum sem og framlaga til uppbyggingar á aðstöðu og aðgengi. Það er ljóst að bæta þarf verulegu fjármagni í greinina til að nýta megi þekkinguna og kraftinn sem býr í listamönnunum til fulls en einnig þarf að samhæfa mismunandi þætti og hugsa lengra fram í tímann. Sérstaklega er sjálfstæði geirinn viðkvæmur fyrir ótryggri og ónógri fjármögnun, mikill mannaúður tapast úr greininni þess vegna.

### Menntun og aðgengi

Grunnurinn að öflugri atvinnustarfsemi í listum er lagður snemma á lífsleiðinni. Þannig hafa tónlistarmenn, sem vakið hafa athygli víða um heim, minnt fólk á að gott aðgengi fyrir alla að tónlistarmenntun sé grunnurinn að velgengni íslenskra tónlistarmanna. Gott aðgengi að listdansnámi á að vera jafn sjálfsagður hlutur og aðgengi að tónlistarnámi. Tryggja þarf umhverfi dansmenntunar í landinu svo að öll börn fái tækifæri til að kynna listgreininni og eigi möguleika á að stunda listdansnám, óháð búsetu og efnahag. Til að svo megi verða þarf að styrkja atvinnugrundvöll danskennara og skólaumhverfi listdansins. Setja þarf lög um atvinnumiðað nám í greininni, bæði fyrir

grunn- og framhaldsskólastig en með lagasetningu er lagður grunnur að háskólastigi og fagmennsku í greininni sem skilar sér, þegar fram í sækir, í aukinni atvinnuuppbyggingu og bættu aðgengi að listgreininni.

### Fjölbreytt flóra sjóða

Styrkjakerfi sviðslistanna er afar fábreytt og þegar íslenskt styrkjaumhverfi er borið saman við önnur lönd verður fjarvera einkasjóða æpandi ljós, auk þess sem upphæðir menningarstyrkja á sveitastjórnarstigi eru afar lágar. Fjölbreytt flóra sjóða er líklegri til að mæta mismunandi þörfum listamanna og þannig geta verkefni á ýmsum stigum, af ólíkum stærðargráðum og með mis reyntum listamönnum frekar náð að blómstra. Styrkjakerfið þarf að gera listamönnum kleift að skipuleggja vinnu sína til lengri tíma en nokkurra mánaða í senn. Þannig er þörf fyrir ýmsa styrki á borð við rannsóknarstyrki (verkefni á frumstigi), framleiðslustyrki, markaðs- og ferðastyrki og rekstrarstyrki. Sjálfstætt starfandi danshópar eru lítil fyrirtæki og þurfa að geta skipulagt vinnu sína á ársgrundvelli og lengra fram í tímann, með stöðu verkefnisstjóra (framleiðanda) við hlið listræns stjórnanda. Til þess þarf rekstrarstyrki sem ná yfir 2-3 stöðugildi og skrifstofukostnað. Með styrkjasamningum til lengri tíma er listamönnum tryggt meira starfsöryggi.





Run/through, mynd: Owen Fiene

Þrepaskipt starfslaunakerfi, sem tekur mið af starfsreynslu listamanna, yrði til mikilla bóta og í samræmi við launaþróun í öðrum atvinnugreinum. Launatölur í greininni þurfa að verða sambærilegar við önnur störf háskólamenntaðs fólks. Einnig þarf að huga að réttindamálum danslistafólks sem starfar í blönduðu kerfi launagreiðslna og í verkefnavinnu, tryggja þarf atvinnubótaréttindi og fæðingarorlof þessa hóps. Atvinnuhvetjandi starfslaunasjóður hefur reynst vel í ýmsum löndum í kringum okkur og er þörf á að innleiða slíkt kerfi hér.

### Dansnet Íslands

Auka þarf sjálbærni í sýningarhaldi, þannig að hvert verk lifi lengur og fái fleiri áhorfendur. Efla þarf innviði danslistarinnar þannig að listamenn geti nýtt hvert dansverk betur og komið því á framfæri víðar. Stuttur líftími dansverka er sóun á orku og peningum. Rekstrarstyrkir geta skapað aðstæður fyrir listamenn og verkefnisstjóra til að vinna saman að framhaldslífi verkanna. Skortur á listrænum verkefnisstjórum í greininni er þó áþreifanlegur. Þátttaka í hátíðum og kynningarstarfi skiptir verulegu máli, en einnig þarf að auka möguleika á sýningarferðum innanlands sem og erlendis. Koma þarf á fót kerfi sem heldur utan um sýningarferðir innanlands, samanber hugmyndina um Dansnet Íslands sem getið er í kaflanum Verkefnapotturinn.

### Fleiri stöðugildi

Fjölga þarf stöðugildum við Íslenska dansflokkinn, bæði í liði dansara og á framleiðsluhliðinni. Einnig þarf að fjölga föstum stöðum fyrir dansara við leikhúsin. Hækka þarf laun stundakennara við Listaháskóla Íslands, sem og laun kennara í listdansskólum, til samræmis við laun annarra kennarastétta. Tryggja þarf launuð störf við Reykjavík Dance Festival og Félag íslenskra listdansara, auk þess sem fjölga þarf stöðugildum á Dansverkstæðinu. Verkefnin eru næg en vinnuframlög í sjálfbodastarfi duga skammt. Með fjölgun á launuðum störfum og föstum stöðugildum er hægt að tryggja mun hraðari uppbyggingu á atvinnuumhverfi dansins, skapa ný tækifæri og minnka brottfall atvinnufólks úr greininni.

### Danshús í menningarborginni Reykjavík

Tryggja þarf Íslenska dansflokknum viðunandi starfsaðstæður. Húsnæðismál flokksins eru í ólestri, það þarf að finna varanlega lausn á þeim vanda. Danshús hefur lengi verið í umræðunni og þörfin fyrir húsnæði hefur ekki minnkað. Danshús getur leyst húsnæðisþörf Íslenska dansflokksins en einnig er brýn þörf á leiksviði fyrir fjölbreyttar danssýningar sem þjónað geta breiðum og ólíkum aldurshópi áhorfenda. Með Danshúsi myndi sýnileiki dansins aukast og möguleikar á kynningarstarfi og samstarfi af öllu tagi margfaldast. Síðast en ekki síst verður dansinn húsráðandi á eigin heimili í Danshúsi.

## Áherslur & aðgerðir

Halda áfram að vinna með samtökum listamanna, fagaðilum og yfirvöldum að því að efla atvinnuuppbyggingu í listdansi á öllum stigum, fjölga störfum og auka fjármagn í greininni.

### Meðal aðgerða:

- Bera fram sjónarmið danslistafólks í opinberum umræðum og stefnumótun á fagvettvangi
- Styðja Íslenska dansflokkinn í kröfum sínum um viðunandi starfsaðstæður með bættu húsnæði, raunhæfum fjárframlögum og rými til vaxtar
- Þrýsta á umbætur á styrkjakerfi sviðslista í samstarfi við önnur fagfélög listamanna á vettvangi BÍL
- Tryggja að danslistafólk eigi sæti í úthlutunarnefndum og ráðum
- Berjast fyrir úrbótum á menntaumhverfi listdansins á öllum skólastigum og tryggja fjármögnun til listdansskóla vegna kennslu í listdansi á grunn- og framhaldskólastigi
- Þrýsta á að lög verði sett um listdansnám til samræmis við aðrar listgreinar, sbr. lög um tónlistarnám
- Koma á samstarfi milli FÍLD og Kennarasambands Íslands í þeim tilgangi að efla starfsstétt listdanskennara
- Auka þarf starfsöryggi og tryggja fagið innan menntakerfisins með gerð lögbundinna kjarasamninga fyrir listdanskennara
- Auka meðvitund um dans sem atvinnugrein og stuðla að bættu starfsumhverfi fyrir listgreinina
- Tryggja launuð störf vegna starfa á vegum Félags íslenskra listdansara
- Vinna að úrbótum í réttindamálum danslistafólks (s.s. atvinnubótarétti og fæðingarorlofi) í samvinnu við BÍL, FÍL og fagfélög listamanna
- Hvetja til öflugs stuðnings við listamannareknar dansstofnanir; Reykjavík Dance Festival, Dansverkstæðið og félagasamtök í dansi
- Halda áfram að þrýsta á yfirvöld um stofnun Danshúss í Reykjavík, með viðeigandi starfsaðstöðu og sérútbúnu sviði fyrir danssýningar



Dómsdagur, mynd: Eyrún Haddy



## Dans sem ævistarf

Árlega útskrifast nýir dansarar frá Listaháskóla Íslands og úr erlendum listaháskólum og bætast þar með í hóp atvinnudansara á Íslandi. Því miður er brottfall úr greininni verulegt vegna óviðunandi starfsaðstæðna en þar með hverfur dýrmæt menntun og reynsla úr faginu. Það er faginu mjög mikilvægt að halda í reynsluheim og þekkingu þeirra sem starfað hafa í greininni og lagt sitt af mörkum við mótun og þróun listgreinarinnar, því að dans er atvinnugrein sem byggist á reynsluheimi og þekkingu forvera okkar, líkt og í margri annarri listastarfsemi. Nauðsynlegt er að hlúa að greininni þannig að dans geti verið ævistarf og að listgreinin fái tækifæri til að þróast og þroskast með samferðafólki sínu. Viðgengist hefur að hugsa starfsferil dansara til u.þ.b. 40 ára aldurs og þá sé tímabært að skipta um starfsvettvang. Margir dansarar vilja storka þessari hugsun og sjá eldri dansara fá fleiri tækifæri líkt og leikarar fá, en með aldrinum kemur reynslan. Að sjá reynslumikinn dansara á sviði og alla þá dýpt sem því fylgir gefur dansinum óneitanlega meiri vídd og fegurð. Dansarar geta vel haldið áfram að dansa lengur ef líkami þeirra leyfir. En starfsreynsla dansara felur í sér mikið viðtækari reynslu en að læra spor. Meðal þeirrar reynslu sem danslistafólk öðlast í starfi má nefna: sjálfstæð vinnubrögð, starfsskipulag, samskipti, kennslu, stjórnun, öryggi í framkomu, markaðssetningu, gerð fjárhagsáætlana og margt fleira. Dansinn krefst fjölbætni og eru danslistamenn vel til þess fallnir að starfa áfram innan geirans við ýmis störf eftir að hefðbundnum dansferli lýkur. Margir starfa sem danshöfundar og kennarar, eða við störf sem framleiðendur, stjórnendur, framkvæmdastjórar o.s.frv. Þá eru ótalin ýmis störf í samfélaginu sem dansmenntað fólk hefur mikla burði til að sinna.

Eftir að listdansnám á háskólastigi varð til við Listaháskóla Íslands árið 2005 - 2006, hefur atvinnudönsurum fjölgað ört, en föst stöðugildi innan Íslenska dansflokksins hafa staðið í stað. Samkvæmt lögbundnum samningi Íd er einungis skylt að hafa sjö fastráðna dansara við flokkinn. Dansflokkurinn hefur ekki fengið nauðsynlegt rými til að vaxa og dafna í samræmi við þróun greinarinnar. Eins hafa fjárframlög til sjálfstæðu senunnar ekki aukist í takt við þann fjölda sem útskrifast árlega. Þrepaskipt starfslaunakerfi gæti stuðlað að því að tryggja nýliðun í greininni, en einnig að fólk hverfi ekki af vettvangi á miðjum aldri þegar það er að ná þroska sem listamenn. Einnig þarf að tryggja rétt sjálfstætt starfandi danslistafólks til atvinnubóta og fæðingarorlofs. Eins og staðan er í dag er danslistin ekki fjölskylduvæn starfsgrein.

Ein af grunnforsendum þess að stétt danslistafólks fái tækifæri til að vaxa og þróast áfram, er að komið verði á viðunandi styrkjakerfi þar sem dansarar og danshöfundar fá tækifæri til að skapa list sína og geti gert ráðstafanir til lengri tíma en til eins verkefnis í einu. Ef fleiri dansverkefni eru styrkt gefur það auga leið að fleiri dansarar fá verkefni og vinnu innan stéttarinnar. Með þessu móti verður meira öryggi fyrir dansara í senunni og þar af leiðandi minna brottfall. Í beinu samhengi við það mun senan vaxa og þróast og öðlast meiri virðingu í samfélaginu og rætur listdansins ná að grafa sig dýpra í samfélaginu okkar.

Að lokum væri gaman að sjá dansara fá heiðurslaun listamanna en það hefur aldrei gerst.



## Áherslur & aðgerðir

Efla starfsemi FÍLD svo félagið geti betur sinnt hagsmunabaráttu danslistafólks fyrir auknu atvinnuöryggi, atvinnusköpun og fjölgun starfa í greininni. Styrkt nýliðun, minnkað brottfall og unnið að jafnréttismálum.

### Meðal aðgerða:

- Berjast fyrir auknu atvinnuöryggi danslistafólks með þrepaskiptu launakerfi og að menntun og reynsla atvinnudansara, danshöfunda og listdanskennara verði metin að verðleikum
- Vekja athygli á fjölbreyttri færni danslistafólks til margvíslegra starfa
- Hafa áhrif á umræðu um virði reynslu í starfi og listræn gæði þroskaðra listamanna
- Taka vel á móti nýjum dönsurum í fagið með upplýsingagjöf, beinu samtali og fræðslu
- Vekja athygli á vöntun á styrkjum fyrir markvisst nýliðunarstarf, s.s. vinnustofur og dansverkefni sem sérsniðin eru til að brúa bilið milli skóla og atvinnumennsku í faginu
- Hvetja til ráðningar dansara í föst stöðugildi innan leikhúsanna og annarra menningastofnanna sem dramatúrgar, danshöfundar eða dansarar og að stöðugildum við Íslenska dansflokkinn verði fjölgað verulega
- Vinna í samstarfi við FÍL að bættu tryggingakerfi þar sem konur geti fengið rétt sinn metinn til fæðingarorlofs án þess að eiga á hættu að detta út úr senunni og mæta með því jafnréttisstöðlum í samfélaginu
- Vinna að því að komið verði á fót atvinnuhvetjandi starfslaunasjóði sem brúar bilið á milli ráðninga í dansverkefni
- Stydja við hagsmunabaráttu sjálfstæðra danshöfunda fyrir umbótum á styrkjakerfi svo að þeir geti ráðið dansara með meiri festu en til eins verkefnis í senn
- Tilnefna danslistafólk til heiðurslauna listamanna

# Dans og samfélag


## Dans fyrir alla

Dans sem listgrein stuðlar að auknu heilbrigði, bæði líkamlegu og andlegu. Í gegnum dans tjáum við og upplifum fegurð og tilfinningar og skynjum heiminn og okkur sjálf á einstakan hátt. Við lærum að hlusta á eigin líkama, auk þess sem við þjálfum félagsfærni og sjálfsaga. Dans getur verið mikilvæg og öflug forvörn. Með því að næra og virkja þetta afl sem dansinn er, getum við spornað við ýmsum vandamálum í íslensku samfélagi. En þá þarf dansinn að vera jafn aðgengilegur almenningi og aðrar listgreinar, íþróttir og heilsurækt. Dans getur verið alls konar; fyrir öll kyn og fyrir allan aldur. Dansarar geta verið af öllum stærðum og gerðum. Dans er fyrir alla.

Tryggja þarf aðgengi að listdansnámi óháð búsetu og efnahag. Einnig þarf að greiða aðgengi fyrir nemendur með ólíkar þarfir, þróa kennsluáferðir, mennta kennara og skapa samfélag þar sem allir fá tækifæri til að stunda listdansnám og upplifa dansinn sér til ánægju. Tónlistarskólar hafa sprottið upp um allt land vegna stuðnings sveitarfélaga við tónlistarskólana, slíkt hið sama þarf að gerast varðandi listdanskólana. Búseta á ekki að hindra aðgengi barna að dansnámi. Það felast ný tækifæri í því að auka aðgengi að dansi á landsbyggðinni. Gera þarf danslistafólki kleift að ferðast um landið með

danssýningar, vinnustofur og dansnámskeið, því að dansinn getur sannarlega auðgað líf barna og ungmenna í bæjarfélögum sem og fullorðinna og eldri borgara. Sviðslistarými þurfa að vera í öllum landshlutum og hverfum sem rúma dansinn í allri sinni fjölbreytni. Það er nú þegar til margvíslegt húsnæði sem getur nýst fyrir dansinn. Félagsheimili gætu til að mynda öðlast það hlutverk þar sem allir ættu greiðan aðgang að danskennslu, sýningum og dansviðburðum. Á höfuðborgarsvæðinu er kallað eftir Danshúsi í Reykjavík sem miðstöð og heimili atvinnugeirans með æfingarými og sýningarsal fyrir stærri og smærri danssýningar og enn er ekkert barnaleikhús starfandi sem hannað er með þarfir barnanna í fyrirrími.

Danssýningar þurfa að ná til alls kyns áhorfenda. Ein leið að því marki er að fjölga þeim; fleiri danssýningar leiða til aukinnar fjölbreytni. Efla þarf Íslenska dansflokkinn svo hann nái að uppfylla það hlutverk sitt að þjóna breiðum hópi áhorfenda með fjölbreyttu úrvali sýninga. Þá þarf sjálfstæði geirinn að fá greiðara aðgengi að sýningarrýmum og aukinn stuðning við vinnu sína svo hann geti raunverulega miðlað dansi á fjölbreyttan hátt. Með styrkari stöðum undir sjálfstæða geirann sjáum við vonandi fljótlega fleiri dansflokka með starfsemi á ársgrundvelli.



### Dans í skólum

Það er staðreynd að mörg börn eiga þess ekki kost að upplifa dans. Þau sjá ekki danssýningar og fá ekki kennslu í dansi. Dans á að vera hluti af uppeldi barna til jafns við aðrar listgreinar. Leikskólabörn fá strax að kynnst myndlist, tónlist, íþróttum, fara í leikhús eða fá leiksýningar í heimsókn, en danssýningar eru sjaldan í boði. Nauðsynlegt er að auka framboð á danssýningum í skólum, svo leik- og grunnskólabörn geti fengið tækifæri til að upplifa og kynnst listgreininni á skólatíma. Samkvæmt aðalnámskrá eiga allir grunnskólar að bjóða upp á danskennslu, en raunin er sú að dans er kenndur í mjög fáum grunnskólum á Íslandi. Sú staðreynd leiðir af sér takmarkað menningarläsi gagnvart dansi og óöryggi varðandi listformið og möguleikum þess. Dansinn þarf að vera jafn aðgengilegur og sýnilegur almenningi í öllum sínum myndum eins og t.d. tónlist. Auka þarf skilning yfirvalda og skólastjórnenda á mikilvægi þess að brýnt sé að jafna aðgengi að öllum listgreinum svo börn fái jöfn tækifæri til listnáms á sinni skólagöngu. Skapa þarf svigrúm í stundaskrá

og tryggja kennslurými fyrir sviðslistir, svo dans og leiklist geti orðið sjálfsagður hluti af menntun allra barna. Sérútbúin sviðslistarými í skólum ættu að vera jafn sjálfsagður hluti af skólabyggingu og íþróttahús.

Efla þarf dansinn sem listgrein í grunnskólum og nýta möguleika hans til upplifunar, uppgötvunar og tjáningar. Fjölga þarf danskennurum í grunnskólum og efla háskólanám í listgreininni til að svara því ákalli. Auka mætti samstarf Samtímadansbrautar LHÍ og Listkennsludeildar LHÍ með það að markmiði að þróa fjölbreyttara námsframboð fyrir dansmenntað fólk. T.d. væri kostur ef nemendum í BA námi á Samtímadansbraut LHÍ hefðu kost á að taka áfanga í kennsluáðferðum dansins. Dansáfangar þyrftu einnig að vera í boði sem hluti af almennu kennaranámi við Menntavísindasviði Háskóla Íslands líkt og er í öðrum listgreinum. Það er góð aðferð að nota danskveikjur og áhugaglæðandi dansverkefni til að miðla kennsluefni í almennri kennslu, líkt og gert er þegar aðferðir myndlistar og tónlistar eru notaðar í almennri kennslu.

Traces, mynd: Stanislav Dobak







## Áherslur & aðgerðir

Auka aðgengi allra að dansi óháð búsetu, efnahag og líkamlegu atgervi og efla meðvitund þjóðfélagsins um margvíslega möguleika listformsins til aukinna lífsgæða.

### Meðal aðgerða:

- Stuðla að meiri meðvitund um þau auknu lífsgæði sem dansnám hefur í för með sér t.d. aukna líkamsvitund, félagsfærni, sjálfsga, fegurðarupplifun og fjölbreytileika í tjáningu
- Miðla upplýsingum um miðlæga gagnagrunna sem tengja saman framboð og eftirspurn
- Styðja hagsmunabaráttu listdanskóla fyrir bættu starfsumhverfi og fjárstuðningi
- Hvetja til stofnunar barnaleikhúss sem hannað er með þarfir barnanna í fyrirrúmi
- Benda á þörf fyrir sérútbúin rými fyrir sviðslistir í grunnskólum
- Koma á samstarfi milli FÍLD og KÍ í þeim tilgangi að efla fagstétt listdanskennara og aðstoða grunn- og leikskóla við að finna hæfa listdanskennara til starfa í skólunum
- Vekja athygli á mikilvægi þess að efla og auka námsframboð í listgreininni á háskólastigi við Listaháskóla Íslands.
- Hvetja til þess að dansáfangar verði í boði við Menntavísindasvið HÍ sem hluti af almennu kennaranámi
- Hvetja til þess að BA nemendur í samtímadansi læri um kennsluaðferðir í dansi
- Styðja við og standa fyrir verkefnum sem gefa börnum um allt land færi á að upplifa dans
- Vekja athygli sveitarfélaga á að dans sé sjálfsgæður þáttur í vel heppnaðri bæjarhátíð
- Þrýsta á aukinn stuðning við Íslenska dansflokkinn, svo hann geti sinnt fjölbreyttum hópi áhorfenda
- Þrýsta á bætt stuðningskerfi við sjálfstætt starfandi danslistafólk, svo það geti starfað á ársgrundvelli
- Berjast í samstarfi við dansstofnanir og hagsmunaaðila fyrir tilurð Danshúss í Reykjavík þar sem hægt verður að ganga að danssýningum vísu allt árið



Dagdraumar, mynd: Hörður Sveinsson

# Alþjóðlegt starf

Danslistin hefur ætíð verið alþjóðleg.

Listgreinin reiðir sig ekki á tungumál til miðlunar og er því aðgengileg áhorfendum utan heimalandsins. Einnig er löng hefð fyrir því að dansarar fari erlendis til að mennta sig og vinna og algengt er að dansflokkar séu skipaðir dönsurum frá mismunandi upprunaldöndum. Til að mynda hefur Íslenski dansflokkurinn lengi haft erlenda dansara í sínum röðum. Íslenski dansflokkurinn sýnir töluvert erlendis á ári hverju og erlendar sýningarferðir og samstarfsverkefni eru mikilvægur þáttur í tekjum flokksins en sýningarferðirnar lengja líftíma dansverka til muna, jafnvel um mörg ár.

Ávinningur af þátttöku í alþjóðastarfi er fjölþættur; auknir möguleikar á sýningarferðum verka sem þegar hafa verið framleidd, tengslamyndun sem leiðir til langtíma samstarfs og samframleiðslu nýrra verka, aukin þekking á starfsumhverfi sviðslistanna í víðara samhengi og einstaklingsbundinn innblástur listamannanna. Allt skiptir þetta verulegu máli, þættir sem efla afkomu listamanna, stuðla að faglegri uppbyggingu og framþróun.

## Margföldunaráhrif

Almennt gildir að heildarfjöldi áhorfenda á danssýningum nægir ekki til að halda úti mörgum sýningum innanlands. Þess vegna skiptir miklu máli fyrir danshöfunda að stækka atvinnusvæði sitt út fyrir landsteinana og ná með því að fjölga áhorfendum og tækifærum til sýningahalds. Með fleiri sýningum nýtist betur sú fjárfesting sem lögð er í framleiðslu dansverka og styrkari stöðum er skotið undir störf danslistafólksins. Margt bendir til þess að vægi alþjóðlegs samstarfs og samframleiðslu sé stöðugt að aukast í vinnuferli og framleiðslu dansverka. Evrópskir og norrænir styrkir eru í boði, en til að geta sótt um slíka styrki þarf listamaðurinn að vera kominn með trausta samstarfsfélaga erlendis. Slíkt samstarf skilar sér bæði listrænt og fjárhagslega til lengri tíma litið. Það tekur tíma að byggja upp sambönd sem leiða til sýningahalds erlendis, til þess þarf margvíslegan stuðning, bæði beinan og óbeinan.

## Sóknarfæri

Stofnun Sviðslistamiðstöðvar Íslands vorid 2022 var mikið gleðiefni og standa vonir til að miðstöðin verði öflugur bakhjarl við sókn allra sviðslista á alþjóðavettvangi. Miðstöðin er nú þegar orðin aðili að ýmsum markaðsskapandi verkefnum auk þess sem hún veitir ferðastyrki og getur opnað danslistafólki ýmsar dyr á alþjóðavettvangi.

Aðrar stofnanir í sviðslistum; Dansverkstæðið, Reykjavík Dance Festival, LÓKAL og SL/ Tjarnarbíó taka þátt í fjölbreyttum alþjóðlegum verkefnum sem ekki falla undir verksvið Sviðslistamiðstöðvar Íslands. Þessar stofnanir þurfa að fá aukinn stuðning við sín verkefni sem annars vegar lúta að þróunarstarfi og þekkingu og hins vegar að flæði sýninga og listafólks milli landa. Flæðið getur ekki verið bara í eina átt. Við þurfum líka að geta tekið á móti fólki. Eitt af markmiðum RDF við stofnun hátíðarinnar var að skapa sýningarvettvang fyrir íslenska listamenn sem búsettir eru erlendis og gegnir hún enn því hlutverki. Vinnustofurými Dansverkstæðisins eru einnig vettvangur fyrir listamenn sem búsettir eru erlendis.

Alþjóðlegt samstarf fyrir dansnemendur á ýmsum skólastigum er góð leið til að efla þá hugsun að samhengi listarinnar nái langt út fyrir landamærin og að við höfum margt að bjóða, um leið og við höfum margt að læra á þeim vettvangi. Dansnemendur eru mjög duglegir að skipuleggja námsferðir til útlanda og safna þá fyrir þeim ferðum með fjáröflunarsölu. Með þessum ferðum stíga nemendurnir sín fyrstu skref inn í alþjóðlegan dansheim. Erasmus áætlun Evrópusambandsins er opin Íslendingum og styður margvísleg verkefni fyrir nemendur og starfsfólk skóla, auk þess sem hægt er að sækja um norræna styrki, en til að dæmið gangi upp þurfa skólarnir að hafa mannafla og svigrúm til að halda utan um slík samskipti.

## Áherslur & aðgerðir

Fræða danslistafólk um þau tækifæri sem þeim standa til boða, hvetja einstaklinga og stofnanir til þátttöku í alþjóðastarfi og vera virk í alþjóðlegu samtali sviðslistanna.

### Meðal aðgerða:

- FÍLD taki þátt í alþjóðlegum ráðstefnum og fundum um málefni danslistafólks
- Miðla upplýsingum um alþjóðleg verkefni og styrki í gegnum margvíslegar samskiptaleiðir
- Hvetja danslistafólk til að sækja hátíðir, ráðstefnur, fundi og vinnustofur erlendis
- Styðja aðrar sviðslistastofnanir sem geta greitt götu danslistamanna í alþjóðlegu starfi
- Vekja athygli yfirvalda á mikilvægi alþjóðlegs starfs fyrir listgreinina og hvetja til aukins stuðnings við hvers kyns samstarf á alþjóðavettvangi

When the Bleeding Stops, mynd: Owen Fiene



## Miðlun og fræði

Með miðlun og fræðum er átt við hvernig gera megi upplýsingar um danslist aðgengilegar, bæði fyrir danssenuna og almenning. Einnig er lítið til þess hvernig danslist birtist í fræðasamfélaginu.

Í núverandi samfélagsmynd með sívaxandi flóru samfélagsmiðla, smáforrita (appa) og efnisveita á netinu, er rétt að endurskoða hvernig best sé að koma upplýsingum um danslist á framfæri. Á samfélagsmiðlum er einstaklingsframtakið sterkt. Bæði danshópar og einstaklingar nýta sér samfélagsmiðla í miklum mæli til að koma listsköpun sinni og upplýsingum um sýningar og viðburði á framfæri. Þessi þrónun hefur vissulega sína kosti en er jafnframt þeim takmörkunum háð að þessum upplýsingum er deilt hverjum í sínu lagi og ná þær því einungis til þeirra sem kjósa að fylgja viðkomandi listamanni. Mikilvægt er að stofna miðlæga upplýsingaveitu sem heldur utan um hvað er í gangi hjá danssenunni á hverjum tíma. Hún gæti verið í formi smáforrits sem er tengt við vefsíðu og myndi gagnast danslistafólki og almenningi.

Lítið er fjallað um danslist í fjölmiðlum og á því þarf að vinna bót. Menningarfréttir ættu að vera fastur liður í fréttatímum á sama hátt og íþróttافرéttir. Gera þarf dansgagnrýni hærra undir höfði og vinna að því að fá fleiri dansfræðinga til að skrifa um íslensk dansverk og önnur listaverk sem innihalda dans, s.s. leikrit, tónlistarmyndbönd og kvikmyndir.

Mikilvægt er að FÍLD og danssenan í heild vinni að framþróun listgreinarinnar. Hluti af þeirri vinnu fer fram í formi rannsókna og fræðimennsku. Á döfinni er útgáfa bókar um íslenska listdansssögu og ekki verður vanmetin nauðsyn þess að þekkja söguna. Áframhaldandi stuðningur við skrásetningu íslenskrar listdansssögu er faginu ómetanlegur, bæði inn á við, en líka út á við í fræðslu almennings. Önnur fræði líta til framtíðar og rannsaka listdansinn eins og hann er í dag og hver þróun hans gæti orðið. Þessar rannsóknir eru ekki síður mikilvægar. Stuðningur við þær getur verið í formi styrkja til listamanna sem stunda rannsóknir á eigin vegum og góðrar aðstöðu og námsframboðs innan háskólasamfélagsins. Sterk fræði og þekking skapa góðan rökstuðning fyrir hlutverkum danslistarinnar í samfélaginu



## Áherslur & aðgerðir

Auka aðgengi að upplýsingum um fagið og vinna að framþróun dansfræða.

### Meðal aðgerða:

- Stofna miðlæga upplýsingaveitu um danssýningar og viðburði á döfinni
- Beita sér fyrir auknu rými í fjölmiðlum fyrir danslist
- Hvetja til fjölgunar dansgagnrýnenda og styðja við þeirra starf í samstarfi við Dansfræðifélagið
- Varpa ljósi á dans, hvar sem hann birtist og tala fyrir umfjöllun um dans í leikritum, kvikmyndum og tónlistarmyndböndum
- Halda áfram að styðja við rannsóknir og skráningu á íslenskrum listdanssögu
- Búa rannsakendum á sviði danslistar gott starfsumhverfi með því að tala fyrir auknum styrkjum til rannsóknarverkefna og þrýsta á betri aðstöðu, námsframboð og stöðugildi á sviði dansfræða við háskóla
- Gefa út bók um sögu íslensks listdans til að halda í heiðri starfi íslenskra danslistamanna

Spills, mynd: Owen Fiene

# Innra starf

Samkvæmt lögum Félags íslenskra listdansara eru markmið félagsins að:

- Gæta hagsmuna íslenskra danslistamanna
- Efla samvinnu og samhug með íslenskum danslistamönnum
- Stuðla að auknum sýnileika og framþróun listgreinarinnar í landinu
- Styðja við vöxt danslistarinnar og virðingu með því að hafa áhrif á opinbera stefnumótun
- Hafa áhrif á úthlutun fjár- og styrkveitinga til listdansmála

Félagið er ekki stéttarfélag í eiginlegum skilningi þess orðs, þ.e. það gerir ekki kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna, en reynir að styðja við hagsmuni danslistafólks með öðrum hætti. Þó félagið sé ekki stórt spannar flóra félagsmanna breitt svið og hagsmunir og áherslur einstakra aðila geta verið með ólíkum hætti. Aldursbil félagsmanna er frá 20 ára og upp úr. Meðal félaga eru danshöfundar, sjálfstætt starfandi dansarar, dansarar í Íslenska dansflokknum, listdanskennarar, skólastjórnendur og fyrrverandi dansarar.

Auk þess koma margir félagsmenn að ýmiss konar viðburðahaldi og aðrir starfa innan leikhúsanna, eða tengjast öðrum listformum.

Í ljósi þess hve margvísleg störf félagsmanna eru, getur verið erfitt að uppfylla markmið númer tvö: að efla samvinnu og samhug með íslenskum danslistamönnum. Félaginu er ætlað að vera sameiningarafli, en hefur ekki bolmagn til að berjast á mörgum vígstöðvum í einu. Öll vinna fyrir félagið er unnin í sjálfbodaliðastarfi, sem hlýtur að setja kröftum félagsins skorður. Ef upp koma krefjandi verkefni á einu sviði, fer öll orkan í að sinna því og önnur verkefni fá minni athygli á meðan. Það er löngu tímabært að formannsstarf félagsins verði launað starf og að FÍLD geti ráðið til sín verkefnisstjóra á launum til að halda utan um margvísleg verkefni á vegum félagsins; aðila sem sinnir praktískum atriðum og fylgir eftir ákvörðunum stjórnar. Almennt rikir velvilji og samstaða innan félagsins, en efla þarf faglegt samtal til að auka skilning á mismunandi hugmyndum og starfsvettvangi félagsmanna. Líf í listum er ekki alltaf auðvelt, en gleði og skapandi andi á að vera leiðarljós í starfinu.


## Áherslur & aðgerðir

FÍLD heldur áfram að vinna að hagsmunum félagsmanna, efla faglegt samtal og vera farvegur fyrir skapandi og styrkjandi framtíðarsýn.

### Meðal aðgerða:

- Tryggja að starf formanns verði launað starf líkt og tíðkast í öðrum fagfélögum listamanna
- Ráða verkefnisstjóra sem heldur utan um verkefni á vegum félagsins og fylgir eftir ákvörðunum stjórnar
- Halda fagráðstefnu danslistamanna á tveggja ára fresti til að efla faglegt samtal
- Styðja við starf tímabundinna rannsóknarhópa um afmörkuð málefni, t.d. dans og aldur, sýnileika í samfélaginu, dans fyrir öll kyn, líkamsmynd og átröskun, o.s.frv.
- Kynna niðurstöður rannsóknarhópa á viðeigandi vettvangi
- Halda áfram að taka þátt í Barnamenningarhátíð með myndarlegum hætti
- Standa fyrir árlegu danskennaramóti þar sem kennarar deila reynslu og skiptast á hugmyndum





Dómsdagur, mynd: Eyrún Haddy



# Verkefnapotturinn

Fjölmargar góðar hugmyndir komu fram í hópavinnu á stefnumótunardegi FÍLD. Hér eru nokkrar sem væri gaman að sjá verða að veruleika á næstu árum. Framkvæmd getur verið í höndum mismunandi aðila; einhverra þeirra stofnana sem nú eru starfandi í dansi, FÍLD, eða áhugasamra einstaklinga, en margar hugmyndanna krefjast þess að margir aðilar taki höndum saman svo hugmyndirnar öðlist líf.

## Dansnet Íslands

Fyrirmyndir að Dansneti Íslands eru sóttar til Svíþjóðar og Noregs. Þar hafa menningarstofnanir um allt land sameinast í að velja nokkrar danssýningar árlega sem fara í sýningarferðir um landið. Hérlendis þarf að finna útfærslu sem hentar íslenskum aðstæðum, en hægt er hugsa sér nokkur skref í ferlinu.

- Kortleggja sýningaraðstöðu um allt land
- Finna mögulega samstarfsaðila sem sjá um framkvæmd verkefnisins í öllum landshlutum
- Stofna Dansnet Íslands þar sem stofnanir í dansi og samstarfsaðilar á landsvísu sameina krafta sína
- Tryggja fjármögnun verkefnisins

## Listasjóður atvinnulífsins

Mörg fyrirtæki starfrækja menningarsjóð sem veitir reglulega styrki til menningar- og samfélagsverkefna. Yfirleitt er takmarkað fé í menningarsjóðum fyrirtækja og úthlutað er mörgum, smáum styrkjum til fjölbreyttrar flóru verkefna. Ef fyrirtæki myndu sameinast um Listasjóði atvinnulífsins og búa þannig til einn stóran sjóð í stað margra smárra, væri hægt að úthluta stærri styrkjum, sem raunverulega munar um og fjölga þannig möguleikum listafólks til fjármögnunar verkefna.

## Erfðasjóður listanna

Mörg dæmi eru um að einstaklingar á nafni góðu málefni hluta af eigum sínum eftir sinn dag í erfðaskrá. Stundum eru stofnaðir sjóðir í nafni viðkomandi einstaklinga og tilgreint hvernig úthlutun úr sjóðnum skuli háttað. Í öðrum tilfellum rennur arfurinn beint til tilgreinds félags eða málefnis. Erfðasjóður listanna gæti verið safnsjóður sem tekur við framlögum einstaklinga samkvæmt erfðaskrá og úthlutar fé til

menningarverkefna. Með þessu móti er hægt að búa til stóran sjóð sem endurnýjast og þróast með tímanum. Tilkoma slíks sjóðs eykur fjölbreytni í styrkveitingum og fjölga möguleikum listafólks til að fjármagna verkefni sín.

## Nýsköpunarverðlaun dansins

Verðlaun vekja athygli á því sem vel er gert og ef verðlaununum fylgja peningar til að framkvæma hugmyndir er sterkur hvati til að vera með. Nýsköpunarverðlaun dansins yrðu veitt hugmyndum sem tvíanna saman dans og aðgengilega afþreyingu, t.d. fyrir ferðamenn. Markmiðið er að skemmta og fræða á frumlegan hátt, nýta dansinn til nýstárlegrar miðlunar og skapa störf fyrir dansara. Athyglisvert er að í sviðslistum tíðkast ekki að verðlaunum og viðurkenningum fylgi fé, en erlendis eru ýmis peningaverðlaun veitt danslistafólki.

## Sjónvarpsþáttaröð um dansara á erlendri grund

Danslistafólk hefur um árabíl sótt sér menntun erlendis. Margir koma ekki aftur heim, heldur eiga farsælan starfsferil utan Íslands, fjarri sviðsljósi íslenskra fjölmiðla. Sjónvarpsþáttaröð um líf þeirra og störf heiðrar þann árangur sem þessir dansarar hafa náð og gæti orðið ungu danslistafólki innblástur til að stefna hátt og sjá áður óþekkta möguleika.

## Dansvarpið - hlaðvarp um dans

Dansvarpið er hlaðvarp þar sem fjallað er um dans frá ólíkum sjónarhornum. Í þættinum yrði fjallað um alls kyns dansstíla, tekin viðtöl við dansara, danshöfunda og annað fagfólk. Hvað gerir til dæmis æfingastjóri Íslenska dansflokksins? Og hvernig er að kenna þriggja ára börnum að dansa? Fræðandi skemmtun og skemmtileg fræðsla, djúpar umræður og glettið grín.

## Ímyndarherferð

Dans er með líkamlega erfiðustu störfum í heimi. Þessi staðreynd stangast á við ýmsar þrautseigar hugmyndir um dans, eins og það að dans sé bara fyrir stelpur og homma. Það er full þörf á ímyndarherferð fyrir dansinn, þar sem lögð er áhersla á hvers hann krefst af fólki og jafnframt sýnt fram á hvaða möguleikum dansformið býr yfir. Ímyndarherferð gæti einnig hjálpað til við að auka skilning á starfi danslistafólks og því sem það er að fást við frá degi til dags.

### Kynningarfulltrúi dansins

Það er stöðug þörf á að vekja athygli á því starfi sem danslistafólk sinnir í þjóðfélaginu. Kynningarfulltrúi dansins gæti verið staða á Dansverkstæðinu. Hlutverk kynningarfulltrúa beinist annars vegar út á við;

- Fjölmiðlaherferðir
- Upplýsingamiðlun um viðburði og námskeið og hins vegar inn á við;
- Vefsíða með upplýsingum um það sem er á döfinni
- Dansappið
- Tengja saman danslistafólk og verkefni
- Halda utan um Dansnet Íslands og svipuð verkefni
- Kynna vinnustofur fyrir danslistafólki og halda utan um tengsl við vinnustofur á landsbyggðinni

### Dansdvöl á landsbyggðinni

Danslistamenn (einn eða fleiri) dvelja 4 - 6 vikur á staðnum, vinna að eigin verkum í vinnustofu, kenna dans og halda sýningu á fullunnu verki, eða verki í vinnslu. Kennslan getur verið fyrir börn eða fullorðna eftir aðstæðum og er í samstarfi við skóla eða aðra aðila á staðnum. Ef bæjarfélög geta tekið á móti nokkrum svona heimsóknum á ári, byggist upp samband milli hóps listamanna og staðarfólks og nemendur fá reglulega danskennslu. Jafnframt fá bæjarbúar tækifæri til að sjá dansverk (í vinnslu) og hugsanlega taka þátt. Þetta verkefni má tengja við verkefnið *Dans nær og fjær*.

### Dans nær og fjær

Markmið verkefnisins er að auka möguleika barna utan höfuðborgarsvæðisins til að njóta kennslu í listdans. Í samstarfi við bæjarfélög er búin til dagskrá fyrir kennslutímabil (ein önn eða eitt skólaár), þar sem danskennarar dvelja reglulega á staðnum, en þess á milli er kennt í gegnum fjarfundarbúnað. Á COVID-tímum varð ljóst að það er hægt að gera meira með fjarkennslu en nokkurn óraði fyrir og þetta gæti verið leið til að ná samfellu í danskennslu án þess að kennarinn þurfi að búa á staðnum. Ein leið er að dansskólar stofni útibú á völdum svæðum með þessum hætti og geti þá sent fleiri en einn kennara á staðinn.



## FÍLD

Stofnað 27. mars 1947

Félag íslenskra listdansara (FÍLD) er sameiginlegur vettvangur listdansara, listdanskennara, danshöfunda, listdanskóla, listdanshópa og dansflokka á Íslandi.

FÍLD leiðir baráttu sinna aðildarfélaga gagnvart stjórnvöldum og öðrum hagsmunaaðilum, það vinnur að auknu rými fyrir dans og sýnileika hans sem og bættu starfsumhverfi þegar kemur að aðstöðu og aðbúnaði fyrir listdans á Íslandi.

FÍLD vinnur að því að byggja upp samhæfingu og samhug milli ólíkra aðildafélaga sinna og virkja sameiginlega kraft þeirra til þess að mæta sibreytilegum áskorunum samtímans af ábyrgð og áræðni.

Markmið félagsins er að:

- gæta hagsmuna íslenskra danslistamanna
- efla samvinnu og samhug með íslenskum danslistamönnun
- stuðla að auknum sýnileika og framþróun listgreinarinnar í landinu
- styðja við vöxt danslistarinnar og virðingu með því að hafa áhrif á opinbera stefnumótun
- hafa áhrif á úthlutun fjár- og styrkveitinga til listdansmála



FÍLD

FÉLAG ÍSLENSKRA  
LISTDANSARA